



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 18. nóvember 2010

Tilvísun: 2010090163

14.00

Gildi-lífeyrissjóður  
Sætúni 1  
105 Reykjavík

**Varðar: Beiðni um rannsókn á málefnum Gildis lífeyrissjóðs dagsett þann 22. september 2010, lögreglumál nr. 006-2010-938.**


Embætti ríkislögreglustjóra barst framangreind beiðni Jóhanns Páls Símonarsonar þann 23. september 2010. Var ákvörðun tekin um að málið skyldi sæta rannsókn þann 30. s.m. þar sem ætluð háttsemi stjórnar og starfsmanna sjóðsins kynni að varða við ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Lífeyrissjóðurinn sætir lögbundnu eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlitsins sbr. lög nr. 129/1997. Með vísan til þess og frumrannsóknar ríkislögreglustjóra var beiðni Jóhanns Páls send Fjármálaeftirlitinu til skoðunar og sérstaklega með tilliti til þess hvort eftirlit með sjóðnum hefði verið með fullnægjandi hætti. Þann 17. nóvember sl. barst embætti ríkislögreglustjórans meðfylgjandi svarbréf Fjármálaeftirlitsins þar sem segir að efni bréfsins þyki ekki gefa tilefni til að hefja sérstaka rannsókn af hálfu Fjármálaeftirlitsins á Gildi lífeyrissjóði.

Með vísan til framangreinds telur ríkislögreglustjóri hvorki tilefni né grundvöll til að halda áfram rannsókn málsins og hefur því tekið þá ákvörðun með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 að hætta rannsókn í ofangreindu máli.

Þá er bent á að ákvörðun ríkislögreglustjóra er kæránleg til ríkissaksóknara innan mánaðar ef þér viljið ekki una henni, sbr. 5. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 6. mgr. VII. ákvæðis til bráðabirgða sömu laga, sbr. 3. gr. laga nr. 156/2008 og 1. gr. laga nr. 123/2009.

Skrifstofa ríkislögreglustjóra

  
Alda Hrönn Jóhannsdóttir  
settur saksóknari efnahagsbrota

Afrit:  
Advocatus slf.  
Þórarinn V. Þórarinsson hrl.  
Nóatún 17  
105 Reykjavík

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Ríkislögreglustjórinn  
B.t. Öldu Hrannar Jóhannsdóttur,  
setts saksóknara efnahagsbrotadeildar  
Skúlagata 21  
101 Reykjavík

17. nóvember 2010  
Tilvísun: 2010010229


## Efni: Varðandi beiðni um rannsókn á málefnum Gildis lífeyrissjóðs

Fjármálaeftirlitið hefur mótttekið afrit af bréfi Jóhanns Páls Símonarsonar til Ríkislögreglustjóra, dags. 22. september sl., þar sem hann fer fram á rannsókn á málefnum Gildis lífeyrissjóðs. Fjármálaeftirlitið vill af því tilefni taka fram að lífeyrissjóðurinn lýtur lögbundu eftirliti. Þau atriði sem tilgreind eru í bréfinu þykja hins vegar ekki gefa tilefni til að hefja sérstaka rannsókn á Gildi lífeyrissjóði af hálfu Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Unnur Gunnarsdóttir

  
Ólafur E. Friðriksson